

AUGLÝSING - ÞÁTTTAKENDUR ÓSKAST Í RANNSÓKN.

Fáar syndar sáðfrumur; áhrif karllægrar ófrjósems á karlmenn tilfinningalega, kynferðislega og félagslega.

Ég heiti Sigríður Dögg Arnardóttir og er meistarnemi í kynfræði við Curtin háskóla í Vestur Ástralíu. Ég er að gera meistaraverkefni og hef áhuga á að skoða tilfinningalegu, kynferðislegu og félagslegu reynslu karlmannna sem hafa verið greindir sem ófrjóir (sub fertile). Tilgangur þessarar rannsóknar er að kanna karllæga ófrjósemi nánar þar sem það hefur lítið verið rannsakað. **Til þess að ná þessu markmiði þá óska ég eftir þátttöku karlmannna á aldrinum 18 til 45 ára til að taka þátt í um 30 til 60 mínútna löngu viðtali, með möguleika á viðbótarviðtali síðar.**

Viðtalið má fara fram á stað að vali þátttakanda.

Trúnaður

Þátttaka þín í rannsókninni er algerlega sjálfviljug og ekki verður greitt fyrir þátttöku. Þú þarft ekki að taka þátt í rannsókninni ef þú vilt það ekki. Ef þú ákveður að taka þátt þá átt þú rétt á því að draga tilbaka samþykki þitt til þátttöku á hvaða stigi sem er rannsóknarinnar og úrvinnslunnar án þess að það hafi neinar afleiðingar fyrir þig né mig, rannsakandann. Upplýsingarnar sem þú lætur mér í té verður haldið aðskildu frá persónulegum upplýsingum um þig með notkun „dulnefnis“ í öllu ferli rannsóknarinnar. Þetta ætti að tryggja nafnleynd og þar með að gögnin væri ekki hægt að rekja persónulega til þín. Leiðbeinendur mínir, ábyrgðarmaður og ég, rannsakandinn, erum einu einstaklingarnir sem lesum vélritaða afritið af viðtalinu.

Nánari upplýsingar

Rannsókn þessi hefur hlotið samþykki Vísindasiðanefndar Íslands og Siðanefndar Curtin University of Technology og verið tilkynnt Persónuvernd.

Ef þú hefur spurningar um rétt þinn sem þátttakandi í vísindarannsókn eða vilt hætta þátttöku í rannsókninni getur þú snúið þér til Vísindasiðanefndar, Vegmúla 3, 108 Reykjavík. Sími: 551-7100, fax: 551-1444.

Ef þú vilt gerast þátttakandi og/eða fá frekari upplýsingar um rannsóknina þá endilega hafðu samband við mig, Sigríði Dögg Arnardóttur, símleiddis í síma 822-9525 eða í gegnum tölvupóst, sigga@siggadogg.is.

Með fyrirfram þökk,

Sigríður Dögg Arnardóttir